



Hátíð brautskráðra doktora

1. desember 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vatnið

Vatns er þörf þeim er til verðar kemur, segir í Hávamálum. Vatnið er okkur enda lífsnauðsyn og í raun lykillinn að öllu lífi. Birtingarmyndir vatns eru óendanlega margar, allt frá glitrandi örsmáum daggarperlum í árdagsins roða yfir í úthafið sjálft með öllum sínum tilbrigðum og stefnum í anda árstíða og veðurs.

Við njótum vatnsins á ótal vegu, það slekkur þorsta, eykur grósku, klæðir landið snjó að vetri og heita vatnið úr iðrum jarðar hitar húsin okkar og stóreykur hreinlæti og eflir heilsu. Við njótum samt ekki sist vatnsins með því einu að horfa á það í óspilltri náttúru. Fallvötn á Íslandi stuðla að góðum lífsgæðum með þeirri orku sem þau veita en árnar eru líka ómetanlega mikilvægar í óbreyttri mynd fyrir komandi kynslóðir. Vatnið er kveikjan að fjölbreyttum ljóðum skáldanna okkar en á sama tíma er það mælikvarði um svo margt í rannsóknnum vísindamanna við Háskóla Íslands. Þeir fylgjast með hopandi jöklum og meta áhrifin á lífríkið og samfélögin. Vísindamenn okkar rýna í stöðuvötn og læki til að leita að lífverum og til að meta áhrif loftslagsbreytinga á þær. Þeir túlka líka hvernig vatnið hefur mótað landið í gegnum þúsundir ára. Þeir skima einnig eftir vatni í óráviddum geimsins í sífelldri leit sinni að lífi á öðrum hnöttum.

Margrét Sigríður Einarsdóttir skáldkona fæddist þann 14. október árið 1893 og lést 10. júlí 1983. Hún var mikil baráttukona fyrir auknum réttindum kvenna. Hún stofnaði kvenfélag á Patreksfirði og var heiðursfélagi í Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna og var lengi virkur félagi í Kvenréttindafélaginu auk þess að vinna af elju fyrir Mæðrafélagið. Eins og títt er um konur frá fyrri tíð birti hún ljóð sín fyrst undir dulnefni en hún gaf á endanum út fjórar ljóðabækur. Hún er í hópi þeirra íslenskra skálda sem ortu órímuð ljóð en þau má m.a. finna í hennar fyrstu ljóðabók frá árinu 1930. Talið er að ljóð Sigríðar Einars hafi mótað að einhverju marki ung skáld þess tíma, m.a. Stein Steinarr og Jón úr Vör, sem taldir eru frumherjar hins frjálsa forms. Sigríður orti um vatnið eins og fjöldi annarra íslenskra skálda.



Komið af Kaldadal

Blátt vatn,
brekka sefgræn í sól,
svört skriða
skyggir hálfgróinn hól.
Foss niðar.
Nálgast sólarlagsbil.
Grænn skógur,
gullroðin hamraþil.

Rauðagrjót,
gjá í skógarhlið,
bergvötn,
blá og tær,
jökulsá straumpung, stríð.
Rauð glóð
vefur gulltöfrum veg.
Lygn á
líður fram vinalæg.

Hvítan jökul
hátt við himin ber.
Grænn dalur
gróðri vafinn
brosir móti mér.

Sigríður Einars frá Munaðarnesi



Á síðasta áratug hefur doktorsnám vaxið og eflst við Háskóla Íslands. Jafnframt hefur árangur á sviði rannsókna og nýsköpunar stórauðist. Sem dæmi um það má nefna að skólinn hefur síðastliðin þrjú ár verið á meðal 250 bestu háskóla í heimi á matslista Times Higher Education World University Rankings og nýlega var staðfest af Times Higher að einstök fræðasvið skólans raðast mjög hátt í heiminum. Á árinu 2017 komst Háskólinn í fyrsta skipti inn á Shanghai University Rankings listann og þar voru átta rannsóknasvið skólans mæld meðal þeirra fremstu í heimi. Þennan árangur ber ekki síst að þakka doktorsnemum og framlagi þeirra til aukinna rannsókna við skólann.

Fjöldi doktorsnema við Háskóla Íslands styrkir ótvírætt stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla. Um leið gerir það skól- anum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðar- innar. Öflugur rannsóknaháskóli er frumskýlryði þess að Ísland verði samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun, en grunn- rannsóknir og góð og fjölbreytt menntun eru jafnan talin ein helsta forsenda hagvaxtar og aukinnar velsældar.


Um þessar mundir stunda rúmlega 600 nemendur doktorsnám við Háskóla Íslands. Ítarlegri upplýsingar um þróun doktorsnáms við Háskóla Íslands undanfarin ár má sjá hér í bæklingnum.

Við fögnum nú þeim doktorum sem hafa brautskráðst frá Háskóla Íslands á undangengnu ári. Á tímabilinu frá 1. desember 2016 til 1. desember 2017 brautskráðust alls 53 doktorar, 14 karlar og 39 konur. Sameiginlegar doktorsgráður með erlendum háskólum eru fimm talsins.

Doktorsnám er í eðli sínu alþjóðlegt og er rúmlega fjórðungur doktora frá Háskóla Íslands á aðurnefndu tímabili með erlent ríkisfang. Háskólinn er stoltur af þessum glæsilega hópi sem mun vafalítið hasla sér völl á fjölbreyttum vettvangi. Við óskum þeim innilega til hamingju með doktorsgráðuna og óskum þeim heilla í lífi og starfi.

Jón Atli Benediktsson, *rektor*

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, *aðstoðarrektor vísinda*



Félagsvísindasvið



Arndís Bergsdóttir

Safnafræði / Félags- og mannvísindadeild

Heiti ritgerðar: *(Ó)sýnileg: Samofin fjarvera kvenna á íslenskum söfnum og mótun feminískrar safnafræði (Absence comes to matter: Entangled becomings of a feminist museology).*

Leiðbeinandi: Dr. Sigurjón Baldur

Hafsteinsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Janet Marstine, akademískur stjórnandi School of Museum Studies við Leicester-háskóla, og dr. Björn Þorsteinsson, prófessor við Sagnafræði- og heimspekideild.

Doktorsvörn Arndísar fór fram 25. ágúst.



Auður H. Ingólfssdóttir

Kynjafræði / Stjórnmálafræðideild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Lapplandi í Finnlandi.

Heiti ritgerðar: *Loftslagsbreytingar og öryggismál á Norðurslóðum: Feminísk greining á gildum og normum í loftslagsstefnu Íslands (Climate Change and Security in the Arctic. A feminist analysis of values*

and norms shaping climate policy in Iceland).

Leiðbeinendur: Dr. Þorgerður Einarssdóttir, prófessor við Stjórnmálafræðideild, og dr. Lassi Heininen, prófessor við Háskólann í Lapplandi í Finnlandi.

Andmælendur: Dr. Teemu Palosaari, vísindamaður við Háskólann í Helsinki í Finnlandi, og dr. Annica Kronsell, prófessor við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Doktorsvörn Auðar fór fram í Finnlandi 16. desember 2016.



Graham Butler

Lögfræði / Lagadeild

Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Kaupmanna-hafnarháskóla.

Heiti ritgerðar: *Stjórnskipuleg mörk á utanríkis- og öryggisstefnu Evrópusambandsins (Constitutional Limits of the EU's Common Foreign and Security Policy).*

Leiðbeinendur: Dr. Helle

Krunke, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, og dr. Maria Elvira Mendez Pinedo, prófessor við Lagadeild.

Andmælendur: Dr. Bart Van Vooren, aðjunkt við Kaupmannahafnarháskóla, dr. Ramses A. Wessel, prófessor við Twente-háskóla í Hollandi, og dr. Robert Schütze, prófessor við Durham-háskóla í Englandi.

Doktorsvörn Grahams fór fram í Kaupmannahöfn 24. febrúar.



Sunna Kristín Símonardóttir

Félagsfræði / Félags- og mannvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Ögun og andóf: Mótun hinnar „góðu“ íslensku móður í gegnum ráðandi orðræður um tengslamyndun, brjóstagjöf og fæðingu (Discipline and Resistance: Constructing the “good” Icelandic mother through dominant discourses on bonding, breastfeeding and birth).*

Leiðbeinandi: Dr. Ingólfur V. Gíslason, dósent við Félags- og mannvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Charlotte Faircloth, dósent við University of Roehampton í London, og dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Kennaradeild.

Doktorsvörn Sunnu Kristínar fór fram 18. ágúst.



Sveinn Guðmundsson

Mannfræði / Félags- og
mannvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Hugur og
líkami eða huglíkami?* –

*Læknar, hjúkrunarfræðingar og
óhefðbundnar lækningar (Mind
and Body or Mindbody? – Doctors
and Nurses Working with CAM).*


Leiðbeinandi: Dr. Jónína
Einarsdóttir, prófessor við Félags-

og mannvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Maya Unnithan, prófessor við Sussex-háskóla
í Englandi, og dr. Pétur Pétursson, prófessor við Guðfræði- og
trúarbragðafræðideild.

Doktorsvörn Sveins fór fram 1. september.





An aerial photograph showing a rugged, rocky coastline. The land is composed of dark, layered rock formations with some lighter, possibly snow-covered or mineral-rich areas. The coastline is jagged and irregular, meeting a body of water that has a distinct teal or greenish-blue hue. The water appears calm, reflecting the sky. The overall scene is desolate and dramatic, typical of a high-altitude or coastal environment.

Heilbrigðisvísindasvið



Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Jarðhiti og krabbamein (Geothermal areas and cancer).*

Leiðbeinandi og umsjónar-kennari: Dr. Vilhjálmur Rafnsson, prófessor emeritus við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Esa Läärä, prófessor við Háskólann í Oulu

í Finnlandi, og dr. Bengt Järvholm, prófessor við Háskólann í Umeå í Svíþjóð.

Doktorsvörn Aðalbjargar fór fram 15. desember 2016.



Ásbjörg Ósk Snorradóttir

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Meinafræði arfgengrar heilablæðingar (The Pathology of Hereditary Cystatin C Amyloid Angiopathy (HCCAA)).*

Leiðbeinandi og umsjónar-kennari: Dr. Ástriður Pálsdóttir, vísindamaður við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að

Keldum.

Meðleiðbeinandi: Dr. Birkir Þór Bragason, líffræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Andmælendur: Dr. Roxane Carare, prófessor við University of Southampton í Englandi, og dr. Anders Grubb, prófessor emeritus við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Doktorsvörn Ásbjargar fór fram 19. júní.



Agnes Gísladóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Meðganga og fæðing hjá konum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi (Pregnancy and childbirth among women previously exposed to sexual violence).*

Leiðbeinandi og umsjónar-kennari: Dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við

Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Berit Schei, prófessor við NTNU í Þrándheimi í Noregi, og dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild.

Doktorsvörn Agnesar fór fram 29. september.



Eydís Einarsdóttir

Lyfjávísindi / Lyfjafræðideild

Heiti ritgerðar: *Leit að lyfjavirkum efnasamböndum úr íslenskum sjávarhrygg-leysingjum (Searching for bioactive secondary metabolites from Icelandic marine invertebrates).*

Leiðbeinandi og umsjónar-kennari: Dr. Sesselja Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild.

Andmælendur: Dr. Deniz Tasdemir, prófessor við Geomar Helmholtz for Ocean Research í Kiel í Þýskalandi, og dr. Guðmundur G. Haraldsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Doktorsvörn Eydisar fór fram 18. ágúst.



Guðrún Nína Óskarsdóttir

Læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Árangur skurðaðgerða við lungna-krabbameini á Íslandi – lífshorfur hjá undirhópum sjúklinga (Outcomes following pulmonary resections for lung cancer in Iceland - survival in subgroups of patients).*

Leiðbeinandi: Dr. Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Joachim Pfannschmidt, prófessor við HELIOS Klinikum Emil von Behring í Berlín í Þýskalandi, og dr. Sif Hansdóttir, aðjunkt við Læknadeild og sérfræðingur við Landspítala.

Doktorsvörn Guðrúnar Nínu fór fram 2. júní.



Inga Jóna Ingimarsdóttir

Læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Blöðruháls-kirtilskrabbamein hjá þremur norrænum þjóðum – Áhrif greiningar og meðferðarstefnu á nýgengi, þróun klínískra þátta og meðferð (Prostate cancer in three Nordic countries - The impact of diagnostic and*

therapeutic strategies on incidence, trends in clinical presentation and management).

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Helgi Sigurðsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands.

Andmælendur: Dr. Mats Lambe, prófessor við Karolinska Institutet í Svíþjóð, og dr. Sigurður Guðjónsson, skurðlæknir á Landspítala. Doktorsvörn Ingu Jónu fór fram 18. september.



Maonian Xu

Lyfjavisindi / Lyfjafræðideild

Heiti ritgerðar: *Þróunar-sögulegur og efnafræðilegur skyldleiki hjá íslenskum jöfnum og fjallagrasalíkum tegundum íslenskra fléttna (Phylogeny and phytochemistry of Icelandic cetrarioid lichens and club mosses).*

Leiðbeinandi: Dr. Elín Soffía

Ólafsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Sesselja Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild.

Andmælendur: Dr. Thomas Ostenfeld Larsen, prófessor við Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn, og dr. Ólafur S. Andrésson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild. Doktorsvörn Xus fór fram 21. nóvember.



Margrét Gísladóttir

Hjúkrunarfræði /

Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Árangur fræðslu- og stuðningsmeðferðar fyrir nána aðstandendur einstaklinga með átröskun eða athyglis-breist og ofvirkni (The benefit of psycho-educational and support intervention for caregivers of individuals with eating disorder or*

attention deficit hyperactivity disorder).

Leiðbeinandi: Dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Andrew Estefan, dósent við Calgary-háskóla í Kanada, og dr. Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á geðdeild Landspítala. Doktorsvörn Margrétar fór fram 16. desember 2016.



Neha Rohatgi

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Kerfislíffræði efnaskipta í mannum – kortlagning á bandvefslíki umbreytingu og virkni glúkónókínasa (Systems Biology of Human Metabolism - Defining the epithelial to mesenchymal transition and the activity of human gluconokinase).*

Leiðbeinendur: Dr. Óttar Rolfsson, lektor við Læknadeild, og dr. Steinn Guðmundsson, dósent við lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Markus Herrgard, prófessor við Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn, og dr. Albert Vernon Smith, erfðafræðingur hjá Hjartavernd.

Doktorsvörn Nehu fór fram 9. desember 2016.



Ragna Hlín Þorleifsdóttir

Læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Áhrif hálskirtla-töku á skellusóra – Klínísk, sálfélagsleg og ónæmisfræðileg rannsókn (The impact of tonsillectomy on chronic plaque psoriasis - A clinical, psychosocial and immunological study).*

Leiðbeinandi: Dr. Helgi

Valdimarsson, prófessor emeritus við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Christopher E. M. Griffiths, prófessor við Manchester-háskóla í Englandi, og dr. Helga M. Ögmundsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Rögnu fór fram 21. desember 2016.



Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Notkun útrunninna blóðflaga til fjölgunar á mesenkímal stofnfrumum (Expired human platelets for mesenchymal stromal cell propagation).*

Umsjónarkennari og

leiðbeinandi: Dr. Ólafur Eysteinn

Sigurjónsson, klínískur prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Thierry Burnouf, prófessor við Taipei Medical University í Taívan, og dr. Guðmundur L. Norddahl, frumlíffræðingur hjá DeCode Genetics.

Doktorsvörn Söndru fór fram 15. september.



Sigfríður Inga Karlsdóttir

Ljós módurfræði / Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Sársauki í fæðingu: Væntingar og reynsla kvenna (Pain in childbirth: Women's expectations and experience).*

Umsjónarkennari: Dr. Herdís Sveinsdóttir, prófessor við

Hjúkrunarfræðideild.

Leiðbeinendur: Dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild, og dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Andmælendur: Dr. Soo Downe, prófessor við University of Central Lancashire í Englandi, og dr. Stefán Hrafn Jónsson, dósent við Félags- og mannvísindadeild.

Doktorsvörn Sigfríðar Ingu fór fram 15. desember 2016.



Sigríður Jónsdóttir

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Þróun ónæmis-meðferðar gegn sumarexemi í hestum (Development of immunotherapy for insect bite hypersensitivity in horses).*

Umsjónarkennari:

Dr. Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að

Keldum.

Leiðbeinandi: Dr. Vilhjálmur Svansson, dýralæknir við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Andmælendur: Dr. Huub Savelkoul, prófessor við Wageningen-háskóla í Hollandi, og dr. Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Læknadeild. Doktorsvörn Sigríðar fór fram 26. maí.



Sigrún Vala Björnsdóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Þrálátir stoðkerfisverkir – Algengi, áhrif og þverfræðileg úrræði á Íslandi (Chronic musculoskeletal pain - prevalence, impact and multidisciplinary treatment in Iceland).*

Umsjónarkennari og

leiðbeinandi: Dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Dave Walton, dósent við Western University í Kanada, og dr. Ragnheiður Harpa Arnardóttir, dósent við Háskólann á Akureyri.

Doktorsvörn Sigrúnar Völu fór fram 3. febrúar.



Sigrún Sigurðardóttir

Hjúkrunarfræði / Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Kynferðislegt ofbeldi í æsku: Afleiðingar og heildræn meðferðarúrræði (Childhood sexual abuse: Consequences and holistic intervention).*

Leiðbeinendur:

Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, og dr. Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Mary Jo Kreitzer, prófessor við Háskólann í Minnesota í Bandaríkjunum, og dr. Guðrún Kristinsdóttir, prófessor emerita við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Doktorsvörn Sigrúnar fór fram 9. júní.



Sigurdís Haraldsdóttir

Læknavísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Algengi Lynch-heilkennis og nýgengi og orsakir mismórunar í sjúklingum með ristil- og endaparmskrabbamein á Íslandi (The prevalence of Lynch syndrome and the incidence and etiology of mismatch repair deficiency in colorectal cancer patients in Iceland).*

Umsjónarkennari: Jón Gunnlaugur Jónasson, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Richard M. Goldberg, prófessor við West Virginia University í Bandaríkjunum.

Andmælendur: Dr. Noralane Lindor, prófessor við Mayo Clinic í Bandaríkjunum, og dr. Sigurður Ingvarsson, prófessor við Læknadeild. Doktorsvörn Sigurðisar fór fram 8. febrúar.



Sólveig Helgadóttir

Læknavísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Bráður nýrnaskaði eftir hjartaskurðaðgerðir – tíðni, áhættuþættir, tengsl við aðra fylgikvilla við og eftir skurðaðgerð, lifun og langtímaáhrif á nýrnastarfsemi (Acute kidney injury following cardiac surgery – Incidence, risk factors, association with other perioperative*

complications, survival and renal recovery).

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Theis Tønnesen, prófessor við Háskólasjúkrahúsið í Ósló, og dr. Sunna Snædal Jónsdóttir, sérfræðingur við Landspítala. Doktorsvörn Sólveigar fór fram 6. janúar.



Pórunn Scheving Elíasdóttir

Hjúkrunar- og heilbrigðisvísindi / Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Gagnsemi sjónhimnusúrefnismælinga við mat á súrefnisbúskap í systemísku blóðrásinni (Retinal oximetry and systemic arterial oxygen levels).*

Umsjónarkennari: Dr. Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor við

Hjúkrunarfræðideild.

Leiðbeinandi: Dr. Einar Stefánsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Lars Michael Larsen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, og dr. Ársæll Már Arnarsson, lektor við Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild. Doktorsvörn Pórunnar fór fram 23. júní.



Sunna Jóhannsdóttir

Lyfjafræði / Lyfjafræðideild

Heiti ritgerðar:


Sýklódextrínöragnir sem augnlyfjaferjur fyrir litlar lyfjasameindir, peptíð og prótein (Cyclodextrin nanoparticles in ocular drug delivery for small molecular weight drugs as well as for peptide and protein drugs).

Leiðbeinandi: Dr. Þorsteinn

Lofthsson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Andmælendur: Dr. Lajos Szenté, vísindamaður við CycloLab Ltd í Búdapest í Ungverjalandi, og dr. Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Doktorsvörn Sunnu fór fram 22. nóvember.

An aerial photograph of a volcanic landscape. A winding river with dark blue water flows through the terrain. The surrounding land is covered in yellowish-green vegetation, likely moss or lichen, which contrasts with the dark, rocky areas. The river has several meanders and small pools of water. The overall scene is rugged and natural.

Hugvísindasvið



Arngrímur Vídalín Stefánsson

Íslenskar bókmenntir / Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Skuggsjá sjálfsins – skrímsl, jöðrun og afmennskun í lærdómshefð íslenskra sagnaritara 1100-1550 (Mirror and self – monsters, marginalization and dehumanization in the Icelandic learned tradition 1100-1550).*

Leiðbeinandi: Dr. Ármann Jakobsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Rudolf Simek, prófessor við Bonn-háskóla í Þýskalandi, og dr. Annette Lassen, lektor við Kaupmannahafnar-háskóla í Danmörku.

Doktorsvörn Arngríms fór fram 2. nóvember.



Hanna Óladóttir

Íslensk málfræði / Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Skólamálfraeði. Hver er hún og hver ætti hún að vera? Um markmið og áhrif málfræðikennslu á unglingastigi grunnskólans (School grammar. What is it and what should it be? The goals and influence of grammar teaching at the highest*

level of compulsory school in Iceland).

Leiðbeinandi: Dr. Höskuldur Þráinsson, prófessor emeritus við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Þórunn Blöndal, dósent emerita við Kennaradeild, og dr. Finnur Friðriksson, dósent við Háskólann á Akureyri.

Doktorsvörn Hönnu fór fram 8. september.



Gunnvör S. Karlsdóttir

Íslenskar bókmenntir / Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Guðmundar sögur biskups – Þróun og ritunarsamhengi (The sagas of bishop Guðmundur Arason – Their development and textual relationships).*

Leiðbeinandi: Ásdís Egilsdóttir, prófessor emerita við Íslensku- og

menningardeild.

Andmælendur: Dr. Marianne E. Kalinke, prófessor emerita við University of Illinois í Bandaríkjunum, og dr. Hjalti Hugason, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Doktorsvörn Gunnvarar fór fram 6. október.



Kristín Bragadóttir

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild

Heiti ritgerðar: *Íslenskar bækur erlendis. Bókasöfnun Willards Fiskes (1831–1904) (Icelandic books abroad. The background and story of Willard Fiske's collection 1831-1904).*

Leiðbeinandi: Dr. Már Jónsson, prófessor við Sagnfræði- og

heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Sumarliði R. Ísleifsson, lektor við Sagnfræði- og heimspekideild, og dr. Þórunn Sigurðardóttir, rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Doktorsvörn Kristínar fór fram 16. júní.



Magnús Pór Þorbergsson

Almenn bókmenntafræði /
Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Leiksvið þjóðar:
þjóð, stétt, sjálfsmynd og mótun
leiklistarvettvangs á Íslandi 1850-
1930 (The stage for the nation:
nation, class, identity and the
shaping of a theatrical field in
Iceland 1850-1930).*

Leiðbeinandi: Dr. Benedikt Hjartarson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Joanna Robinson, dósent við Nottingham-háskóla í Englandi, og dr. Ólafur Rastrick, lektor við Félags- og mannvísindadeild.

Doktorsvörn Magnúsar fór fram 2. maí.




Fjöldi brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands eftir fræðasviðum 2013–2017


Fræðasvið	2013	2014	2015	2016	2017
Félagsvísindasvið	4	8	3	5	7
Heilbrigðisvísindasvið	18	25	10	16	16
Hugvísindasvið	5	9	9	13	5
Menntavísindasvið	4	9	9	4	5
Verkfræði og náttúruvísindasvið	18	28	29	24	24
Þverfræðilegt framhaldsnám	3	3	5	6	3
Samtals	52	82	65	68	60




**Ríkisfang brautskráðra
doktora frá Háskóla Íslands
2013–2017**



**Kynjahlutfall brautskráðra
doktora frá Háskóla Íslands
2013–2017**



**Fjöldi brautskráðra
doktora frá Háskóla Íslands
2013–2017**



-- Stefna HÍ 2016–2021.
70 brautskráðir doktorar á ári.



Menntavísindasvið



Anna Guðrún Edvardsdóttir

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Samspil þekkingarsamfélagsins og byggðapróunar á Íslandi og í Skotlandi (The interaction of the knowledge society and rural development in Iceland and Scotland).*

Leiðbeinendur: Dr. Allyson Macdonald, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, og dr. Frank Rennie, prófessor við University of the Highlands and Islands í Skotlandi.

Andmælendur: Dr. Philomena De Lima, forstöðumaður UHI Centre for Remote and Rural Studies í Skotlandi, og dr. Kristinn Hermannsson, lektor við Háskólann í Glasgow í Skotlandi.

Doktorsvörn Önnu Guðrúnar fór fram 9. desember 2016.



Ásthildur Björg Jónsdóttir

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Lapplandi í Finnlandi.

Heiti ritgerðar: *List sem hvetur til sjálfbærni: Möguleikar lista í menntun til sjálfbærni (Artistic actions for sustainability: Potential*

of art in education for sustainability).

Leiðbeinendur: Dr. Allyson Macdonald, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, og dr. Timo Jokela, prófessor við Háskólann í Lapplandi í Finnlandi.

Andmælendur: Dr. Jeppe Læssøe, prófessor við Háskólann í Árósum í Danmörku, og dr. Rita Irwin, prófessor við University of British Columbia í Kanada.

Doktorsvörn Ásthildar fór fram 4. júlí.



Edda Óskarsdóttir

Menntunarfræði / Kennaradeild

Heiti ritgerðar: *Skipulag stuðnings í skóla án aðgreiningar: Fagleg sjálfsrýni (Constructing support as inclusive practice: A self-study).*

Leiðbeinendur: Dr. Hafdis Guðjónsdóttir, prófessor við Kennaradeild, og dr. Deborah Tidwell, prófessor við University of

Northern Iowa í Bandaríkjunum.

Andmælendur: Dr. Clare Kosnik, prófessor við Toronto-háskóla í Kanada, og dr. Kristine Black-Hawkins, dósent við Cambridge-háskóla í Englandi.

Doktorsvörn Eddu fór fram 31. ágúst.



Hiroe Terada

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Hugmyndir íslenskra og japanskra leikskólabarna um hegðun barna og viðbrögð kennara: Félagslegar aðstæður í leikskólastarfi (Icelandic and Japanese preschoolers' attributions in social interactions involving a child's moral*

transgression and a teacher's expressed blame).

Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Ingrid Pramling Samuelsson, prófessor við Háskólann í Gautaborg í Svíþjóð, og dr. Serena Lecce, dósent við Pavia-háskóla á Ítalíu.

Doktorsvörn Hiroe fór fram 22. febrúar.



Kristín Karlsdóttir

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Námsferli leikskólabarna (Children's learning processes).*

Leiðbeinendur: Dr. Leigh O'Brien, prófessor við SUNY Geneseo í New York í Bandaríkjunum, og dr. Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Kennaradeild og forseti

Menntavísindasviðs.

Andmælendur: Dr. Sofia Avgitidou, prófessor við University of Western Macedonia í Grikklandi, og dr. Tuija Turunen, prófessor við Háskólann í Lapplandi í Finnlandi.

Doktorsvörn Kristínar fór fram 13. janúar.



Kristján Ketill Stefánsson

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Virk þátttaka í skólastarfi og sjálfstjórnun: Gagnvirkt samband á unglings-árum (School engagement and intentional self-regulation: A reciprocal relation in adolescence).*

Leiðbeinendur: Dr. Steinunn

Gestsdóttir, prófessor við Sálfræðideild, og dr. Freyja Birgisdóttir, lektor við sömu deild.

Andmælendur: Dr. Katariina Salmela-Aro, prófessor við University of Jyväskylä í Finnlandi, og dr. Álfgeir Logi Kristjánsson, dósent við West Virginia University í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Kristjáns fór fram 26. maí.





An aerial photograph of a volcanic landscape. In the foreground, there are steep, eroded hills with distinct horizontal layers of brown, tan, and grey rock. Patches of green moss or lichen are visible on the slopes. A small, dark, rocky island sits in the middle of a large, vibrant blue lake. The lake's water has a milky, turquoise hue. In the background, more volcanic features are visible, including smaller hills and a winding river or stream that flows through a valley. The sky is not visible, as the landscape fills the frame.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið



Chripine Sangara Nyamweya

Vistfræðilíkon / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Vistfræðilegt líkan af Viktoríuvatni (Ecological modeling of Lake Victoria).*

Leiðbeinandi: Dr. Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Jason Link, vísindamaður við National Oceanic

and Atmospheric Administration í Bandaríkjunum, og dr. Ian Cowx, prófessor við Hull-háskóla í Englandi.

Doktorsvörn Chripines fór fram 30. janúar.



Frostri Pálsson

Rafmagns- og tölvuverkfræði /

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Heiti ritgerðar: *Myndsambærðsla í fjarkönnun og gæðamat á sambræddum myndum (Image fusion in remote sensing and quality evaluation of fused images).*

Leiðbeinendur: Dr. Jóhannes R. Sveinsson og dr. Magnús Örn

Úlfarsson, prófessorar við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild.

Andmælendur: Dr. Andrea Garzelli, prófessor við Háskólann í Siena á Ítalíu, og dr. Paul Scheunders, prófessor við Háskólann í Antwerpen í Belgíu.

Doktorsvörn Frosta fór fram 28. september.



Edda Elísabet Magnúsdóttir

Líffræði / Líf- og umhverfis-
vísindadeild

Heiti ritgerðar: *Sönghegðun hnúfubaksins (Megaptera novaeangliae) á fæðustöðvum við suðurmörk norðurheimskautsins (The singing behaviour of humpback whales (Megaptera novaeangliae) in subarctic waters).*

Leiðbeinandi: Dr. Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Salvatore Cerchio, gestafræðimaður við New England Aquarium og Woods Hole Oceanographic Institute í Boston í Bandaríkjunum, og dr. Alison K. Stimpert, lektor við Moss Landing Marine Laboratories í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Eddu fór fram 19. maí.



Godfrey Kawooya Kubiriza

Líffræði / Líf- og umhverfis-
vísindadeild

Heiti ritgerðar: *Áhrif þránnar fitu í fódri á eldisfisk (The effects of dietary lipid oxidation on farmed fish).*

Leiðbeinendur: Dr. Helgi Thorarensen, prófessor við Háskólann á Hólum, og dr.

Sigurður S. Snorrason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Anders Kiessling, prófessor við Swedish University of Agricultural Sciences í Uppsöllum í Svíþjóð, og dr. Þórarinn Sveinsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Godfreys fór fram 15. júní.



Hrönn Egilsdóttir

Jarðvísindi / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Kalkmyndandi lífverur á breytilegum búsvæðum grunn- og djúpsjávar (Calcifying organisms in changing shallow and deep marine environments).*

Leiðbeinandi: Dr. Jón Ólafsson, prófessor emeritus við Jarðvísinda-deild.

Andmælendur: Dr. Jean-

Pierre Gattuso, vísindamaður við Laboratoire d'Océanographie de Villefranche í Frakklandi, og dr. Stephen Widdicombe, prófessor og forstöðumaður við Plymouth Marine Laboratory í Englandi.

Doktorsvörn Hrannar fór fram 8. febrúar.



Lilja Jóhannesdóttir

Líffræði / Líf- og umhverfis-vísindadeild

Heiti ritgerðar: *Tengsl land-búnaðar og vaðfuglastofna á norðlægum slóðum (Links between agricultural management and wader populations in sub-arctic landscapes).*

Leiðbeinandi: Dr. Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður

Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi.

Andmælendur: Dr. James Pearce-Higgins, deildarstjóri rannsóknasviðs British Trust for Ornithology í Englandi, og dr. Hlynur Óskarsson, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Doktorsvörn Lilju fór fram 28. júní.



Jónas Guðnason

Jarðfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Sundrun kviku og gjóskufall í þeytigosum: Eldgosin í Heklu árin 1991 og 1845 (Magma fragmentation and tephra dispersal in explosive eruptions: The 1991 and 1845 Hekla eruptions).*

Leiðbeinandi: Dr. Þorvaldur Þórðarson, prófessor við

Jarðvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Dave McGarvie, lektor við Opna háskólann í Englandi, og dr. Eliza Calder, lektor við Háskólann í Edinborg í Skotlandi.

Doktorsvörn Jónasar fór fram 12. júlí.



Monika Wittmann

Jarðvísindi / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Áhrif sandfoks og eldfjallaösku á snjó og ís (Impact of Icelandic dust and volcanic ash on snow and ice).*

Leiðbeinandi: Dr. Þröstur Þorsteinsson, prófessor í umhverfis-og auðlindafræði við Jarðvísindastofnun Háskólans.

Andmælendur: Dr. Þorsteinn

Þorsteinsson, sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, og dr. Andreas Massling, vísindamaður við Háskólann í Árósum í Danmörku.

Doktorsvörn Moniku fór fram 31. janúar.



Rachel Megan Thorman

Efnafræði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Víxlverkan lágorku rafeinda við tvo ólífræna málmkomplexa sem notaðir eru við rafeindadrifna útfellingu með skörpum rafeindageislum: $(n^3-C_3H_3)Ru(CO)_3Br$ og $(n^5-Cp)Fe(CO)_2Mn(CO)_5$ (Low-energy electron interactions with two*

organometallic precursors for focused electron beam induced deposition: $(n^3-C_3H_3)Ru(CO)_3Br$ og $(n^5-Cp)Fe(CO)_2Mn(CO)_5$.

Leiðbeinandi: Dr. Oddur Ingólfsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Petra Swiderek, prófessor við Háskólann í Bremen í Þýskalandi, og dr. Hubertus Marbach, prófessor við Friedrich Alexander háskólann í Erlangen-Nürnberg í Þýskalandi.

Doktorsvörn Rachelar fór fram 27. október.



Rebecca A. Neely

Jarðfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Mólybden samsætur í vatnakerfum (Molybdenum isotope behaviour in aqueous systems).*

Leiðbeinendur: Dr. Sigurður Reynir Gíslason, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans, og dr. Kevin W. Burton, prófessor við Durham-háskóla í Englandi.

Andmælendur: Dr. Thomas F. Nägler, dósent við Háskólann í Bern í Sviss, og dr. Caroline L. Peacock, dósent við Háskólann í Leeds í Englandi.

Doktorsvörn Rebeccu fór fram 9. ágúst.



Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir

Jarðfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Steinrenning koltvíoxíðs í basalti (Mineral storage of carbon in basaltic rocks).*

Leiðbeinendur: Dr. Sigurður Reynir Gíslason, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans, og dr. Eric H. Oelkers, prófessor við

University College í London í Englandi og gestaprófessor við Háskóla Íslands.

Andmælendur: Dr. Jordi Cama, vísindamaður við Umhverfisstofnun Spánar í Barcelona, og dr. R. Stuart Haszeldine, prófessor við Háskólann í Edinborg í Skotlandi.

Doktorsvörn Söndru fór fram 19. apríl.



Sanna Elina Ala-Mantila

Umhverfisfræði / Umhverfis- og

byggingarverkfræðideild

Sameiginleg prófgráða frá Háskóla Íslands og Aalto-háskóla í Finnlandi.

Heiti ritgerðar: *Sjálfbær byggð? Staðbundið misræmi á losun gróðurhúsalofttegunda og huglægrar velliðunar (Urban*

sustainability? The spatial disparities of greenhouse gas emissions and subjective wellbeing).

Leiðbeinandi: Dr. Jukka Heinonen, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

Andmælandi: Dr. Sylvia Lorek, vísindamaður við Sustainable Energy Research Institute í Köln í Þýskalandi.

Doktorsvörn Sönnu Elinu fór fram í Finnlandi 19. maí.



Sigrún Dögg Eddudóttir

Landfræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Eðli og ástæður umhverfisbreytinga á Norðurlandi vestra á nútíma (Holocene environmental change in Northwest Iceland).*

Leiðbeinendur: Dr. Egill Erlends-son, dósent við Líf- og umhverfis-

vísindadeild, og dr. Guðrún Gísladóttir, prófessor við sömu deild.

Andmælendur: Dr. Ólafur Ingólfsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og dr. Ian T. Lawson, lektor við Háskólann í St. Andrews í Skotlandi.

Doktorsvörn Sigrúnar fór fram 21. desember 2016.



Ute Stenkewitz

Líffræði / Líf- og umhverfisvísinda-
deild

Heiti ritgerðar: *Snikjudýr og stofnbreytingar rjúpunnar á Íslandi (Parasites and population change of rock ptarmigan in Iceland).*

Leiðbeinandi: Dr. Ólafur Karl Nielsen, vistræðingur við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Andmælendur: Dr. José Augusto

Alves, sérfræðingur við Háskóla Íslands og Háskólann í Aveiro í Portúgal, og dr. Steve Albon, fyrrv. sérfræðingur við James Hutton Institute í Skotlandi.

Doktorsvörn Ute fór fram 8. júní.



Subham Saha

Efnafræði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Þróun aðferða til nitroxíð spunamerkinga RNA með samgildum og ósamgildum tengjum (Advancement of covalent and noncovalent nitroxide spin-labeling of RNA).*

Leiðbeinandi: Dr. Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Ronald Micura, prófessor við Leopold Franzens háskóla í Innsbruck í Austurríki, og dr. Poul Nielsen, prófessor við University of Southern Denmark í Danmörku.

Doktorsvörn Subhams fór fram 15. júní.



Vanik Shahnazaryan

Eðlisfræði / Raunvísindadeild
Sameiginleg prófgráða frá Háskóla Íslands og ITMO University í St. Pétursborg í Rússlandi.

Heiti ritgerðar: *Sameiginleg skammtafyrirbæri undir sterkri víxlverkun milli ljóss og efnis (Collective quantum phenomena in the strong light-matter coupling regime).*

Leiðbeinandi: Dr. Ivan Shelykh, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Alexander Poddubny, vísindamaður við Ioffe-stofnunina í St. Pétursborg í Rússlandi, og dr. Jerome Tignon, prófessor við Ecole Normale Supérieure (PSL) í París í Frakklandi.

Doktorsvörn Vaniks fór fram 5. október.



William M. Moreland

Jarðfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Sprengigosavirkni í flæðibasaltgosum með sérstöku tilliti til Eldgjárgossins á 10. öld* (Explosive activity in flood lava eruptions: a case study of the 10th century Eldgjá eruption, Iceland).

Leiðbeinandi: Dr. Þorvaldur Þórðarson, prófessor við Jarðvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Valentin R. Troll, prófessor við Geocentrum-háskólann í Uppsöllum í Svíþjóð, og dr. Corrado Cimarelli, vísindamaður við Ludwig Maximilians háskólann í München í Þýskalandi. Doktorsvörn Williams fór fram 14. júlí.



Younes Abghoui

Efnafræði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Nýstárlegir rafefnahvatar fyrir sjálfbæra ammóníaksframleiðslu við herbergisaðstæður* (Novel electrocatalysts for sustainable ammonia production at ambient conditions).

Leiðbeinandi: Dr. Egill Skúlason, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Justin Stephen James Hargreaves, lektor við Háskólann í Glasgow í Skotlandi, og dr. Poul Georg Moses, framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri Haldor Topsøe A/S í Danmörku. Doktorsvörn Younes fór fram 13. mars.

Ljósmyndir af fjöllum: Ragnar Axelsson

Ljósmyndir af doktorum: Kristinn Ingvarsson, Gunnar Sverrisson og Árni Sæberg

www.hi.is

Útgefandi: Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands, 2017

Ritstjórar: Björn Gíslason og Jón Örn Guðbjartsson

Efni: Björn Gíslason, Jón Örn Guðbjartsson og Pétur Ástvaldsson

Umbrot: PIPAR\TBWA

Prentun: Leturprent



HÁSKÓLI ÍSLANDS